



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 8. september 2020

Reglur KSÍ um sóttvarnir vegna Covid-19

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Undanúrslit og úrslit í bikarkeppni karla og kvenna

Ágætu félagar,

Stjórn KSÍ hefur samþykkt breytingar á reglum KSÍ um sóttvarnir. Breyttar reglur taka mið af þeim breytingum sem orðið hafa á auglýsingu/reglugerð heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem og minnisblaði sóttvarnarlæknis varðandi takmarkanir á samkomum innanlands.

Þá samþykkti stjórn KSÍ á fundi sínum 3. september sl. breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Miða þær breytingar að því að leikir í undanúrslitum í bikarkeppni KSÍ (karla og kvenna) verði leiknir á hlutlausum völlum. Þá hefur verið bætt við bráðabirgðaákvæði í reglugerðina sem kveður svo á um að bikarkeppni KSÍ (karla og kvenna) árið 2020 skuli vera lokið eigi síðar en í nóvembermánuði.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breyttar reglur og samantekt/greinargerð:

Reglur KSÍ um sóttvarnir vegna COVID-19

Almennt

Markmið þessara reglna er að tryggja að umgjörð leikja og æfinga í knattspyrnu verði með þeim hætti að hægt sé að halda áfram að leika knattspyrnu á Íslandi þrátt fyrir að COVID-19 sé enn við lýði í íslensku samfélagi og útlit fyrir að svo kunnir að verða áfram næstu misseri.

Mikilvægasta vopn samfélagsins gegn COVID-19 eru þær almennu sóttvarnaraðgerðir sem embætti landlæknis og almannavarnir hafa kynnt ítarlega síðustu mánuðina. Þessar almennu aðgerðir eru hér með gerðar að skilyrði fyrir því að hægt sé að halda áfram iðkun knattspyrnu á Íslandi næstu misserin án þess að sífellt sé hætta á því að þurfa að skella öllu í lás á nokkurra vikna fresti.

Markmiðið er að lágmarka áhættuna á að þátttakendur í knattspyrnu (leikmenn, starfsmenn félaga og allir aðrir þátttakendur leiksins) smitist af COVID-19. Markmiðið er jafnframt og ekki síður að stöðva smit til annarra, ef einstaklingur innan félags sýkist þrátt fyrir fyrirbyggjandi aðgerðir. Mikilvægt er að öllum þátttakendum í knattspyrnu sé gert það ljóst að ekki er hægt að útrýma sýkingarhættu að öllu leyti.

Þessar reglur sem hér eru settar ná til keppnissvæða, æfingaaðstöðu, búningaáðstöðu, ferðalaga og síðast en ekki síst til mikilvægis almennrar aðgæslu allra þátttakenda í knattspyrnu á Íslandi (allra deilda meistaraflokka og 2. og 3. flokks karla og kvenna).

Reglur þessar fela í sér aðskilnað hópa eftir því sem nauðsyn krefur t.d. leikmanna/þjálfara frá almennum starfsmönnum félaga og ítarlegri aðskilnað fjölmiðla frá öðrum þátttakendum leiksins heldur en áður hefur verið fjallað um í leiðbeiningum KSÍ. Auk þess fela þessar

ráðstafanir í sér ítarlegri leiðbeiningar um almenna sóttþreinsun búningaklefa og búnaðar sem notaður er í keppni og á æfingum en áður hefur verið hér á landi.

Jafnframt er hér fjallað um ráðstafanir sem nauðsynlegar eru varðandi fjarlægðarmörk innan einstakra hópa, t.d. leikmanna, þjálfara og dómara. Sérstaklega er kveðið á um hámarksfjölda starfsfólks nauðsynlegra þjónustuaðila, t.d. starfsmenn mannvirkja, starfsmenn leikja og starfsmenn fjölmiðla.

Leikmaður sem sýkst hefur þarf eins og aðrir að halda sig í einangrun þar til liðnir eru a.m.k. 14 dagar frá greiningu/jákvæðu sýni (greiningarprófi) og að hann/hún hafi verið einkennalaus í a.m.k. 7 daga. Áður en að leikmaður getur hafið æfingar og keppni á ný þarf mat læknis til staðfestingar á að hann/hún sé leikfær samkvæmt fyrirliggjandi leiðbeiningum. Aðrir leikmenn og starfsmenn hlutaðeigandi félags geta þurft að fara í sóttkví í samræmi við reglugerð heilbrigðisráðherra þess efnis. ~~í allt að 14 daga.~~

Svæðaskipting knattspyrnumannvirkja

Skipta skal knattspyrnumannvirki í þrjú svæði:

Svæði	Heiti svæðis	Hvað er innan svæðisins	Hverjir eru á svæðinu
1	Tæknisvæði	Leikvöllur Boðvangur Leikmannagangur Búningaklefar	Leikmenn Þjálfarar Liðslæknar Sjúkraþjálfarar Dómarar Sóttvarnarfulltrúar Boltasækjar Starfsmenn leiks Gæsla á svæði Sjónvarpsrétthafi Ljósmyndarar Fjölmiðlar
2	Áhorfendastúkur	Áhorfendasvæði Vinnuaðstaða fjölmiðla Stjórnherbergi leiks Veitingasala	Gæsla á svæði Eftirlitsmaður KSÍ Vallarþulur Stjórnandi leikklukku/LED-skilta Sjónvarpslýsendur Sjónvarpsrétthafi Fjölmiðlar Starfsmenn veitingasölu Áhorfendur
3	Ytra svæði	Inngangar áhorfenda Ytra vinnusvæði sjónvarpsrétthafa Allar ytri girðingar mannvirkis	Inngangar áhorfenda Gæsla Tæknistjórn sjónvarpsrétthafa

Hámarksfjöldi fólks á hverju svæði á hverjum tíma miðast við gildandi fjöldatakmarkanir skv. auglýsingu um takmörkun á samkomum vegna farsóttar frá heilbrigðisráðuneytinu og/eða sérstök fyrirmæli sóttvarnarlæknis. Innan hvers svæðis verða þó ávallt að rúmast a.m.k. þeir starfsmenn sem sinna störfum á viðkomandi svæði.

~~Að hámarki mega vera 100 manns á hverju svæði á hverjum tíma. Heimilt er að vera með að hámarki 100 manns í áhorfendasvæði/stúku. Innan þess fjölda verða að rúmast þeir starfsmenn sem sinna störfum á viðkomandi svæði (sjá töflu hér neðar).~~

Tryggja skal að áhorfendur og aðrir sem eru á svæðum 2 og 3 hafi engan aðgang að svæði 1.

~~Leikdegi er skipt niður í tímaglugga (um það bil 2 klst. hver gluggi) og taflan hér fyrir neðan sýnir hversu margir mega vera á hverju svæði innan hvers tímaglugga. Markmið töflunnar er að tryggja að fjöldi á hverjum tíma fari ekki yfir hámarksfjölda. Í töflunni er leiktími settur kl. 15:30 sem dæmi.~~

~~Öllum undirbúningi mannvirkis og leikvallar þarf að vera lokið vel tímanlega áður en leikmenn (keppnislið) mæta til leiks.~~

Svæði-1	Setu p	Setu p	Setu p	Event start	Kick- off	Leikslo k	Event end
Hópur	08:0 0	10:0 0	12:0 0	14:00	15:30	17:30	19:00
Leikmenn				36	36	36	
Liðsstjórn			4	14	14	14	
Dómarar				4	4	4	
Sóttvarnarfulltrúar	1	1	2	2	2	2	1
Boltasækjar				4	4	4	
Lyfjaeftirlit						2	2
Ljósmyndarar				3	3	3	
Starfsmenn-leiks			4	4	4	4	4
Böruberar				4	4	4	
Gæsla	2	2	2	10	10	10	4
Vallarstarfsmenn	4	4	5	5	5	5	5
Starfsmenn mannvirkis	2	2	4	4	4	4	2
Starfsmenn sjónvarpsrétthafa			4	4	4	4	4
Fjölmiðlar						4	
Alls á svæði-1	9	9	25	94	94	100	32

Svæði-2	Setu p	Setu p	Setu p	Event start	Kick- off	Leikslo k	Event end
Hópur	08:0 0	10:0 0	12:0 0	14:00	15:30	17:30	19:00
Gæsla	2	2	2	10	10	10	6
Stjórnherbergi				2	2	2	2
Starfsmenn heimaliðs			4	4	4	4	4
Eftirlitsmaður KSÍ				1	1	1	
Fjölmiðlar				4	4	4	4
Sjónvarpsrétthafi			4	4	4	4	4
Áhorfendur					75	75	
Alls á svæði-2	2	2	10	25	100	100	30

Áhorfendur

Séu áhorfendur á knattspyrnuleikjum heimilir ber að miða við gildandi fjöldatakmörkin í auglýsingu um takmörkun á samkomum vegna farsóttar frá heilbrigðisráðuneytinu og/eða sérstök fyrirmæli sem sóttvarnarlæknir hefur gefið út þar um.

Nálgast má gildandi auglýsingu og/eða önnur viðeigandi fyrirmæli um fjöldatakmörkin á íþróttaviðburðum á eftirfarandi vefslóðum:

Vefslóð 1: [Auglýsing/reglugerð um takmörkun á samkomum vegna sóttvarnar](#)

Vefslóð 2: [Minnisblað sóttvarnarlæknis varðandi takmörkin á samkomum innanlands](#)

Vefslóð 3: [Almennar upplýsingar á Covid.is](#)

~~Sóttvarnaryfirvöld hafa veitt heimild fyrir áhorfendum á íþróttaviðburðum með ákveðnum skilyrðum. Félögum er í sjálfvald sett að ákveða hvort þau verði með áhorfendum á leikjum sínum eða ekki.~~

Til samræmis við 5. gr. auglýsingar heilbrigðisráðherra dags. 25. ágúst 2020 og samþykki sóttvarnaryfirvalda er heimilt að hafa áhorfendur á íþróttaviðburðum með eftirfarandi skilyrðum:

- ~~Áhorfendur eru leyfðir að sem nemur þriðjungi af heildarfjölda sæta/stæða en þó aldrei fleiri en 100 (eða það hámark sem fram kemur í auglýsingu ráðherra hverju sinni).~~
- ~~Litið verði á áhorfendasvæði/stúku sem eitt rými (ekki verði því unnt að skipta svæðinu/stúku í fleiri rými eða hólf).~~
- ~~Ef tvær aðskildar stúkur/stæði eru til staðar sitt hvorum megin við völlinn getur hvor þeirra talist sem áhorfendarými og geti því tekið 100 manns hvor að því tilskildu að áhorfendum í stúkunum sé haldið algerlega aðskildum, komi inn/og út um sitt hvorn inngang/útgang og nota sitt hvor salernin og sitt hvora miðasölu, sitt hvora veitingasölu o.s.frv. Ekki er heimilt að hafa fleiri en tvö sóttvarnarsvæði á hverjum leikvangi.~~
- ~~2 metra reglan gildir milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum, sbr. 1. mgr. 4. gr. auglýsingarinnar. Það geti því einnig í minni rýmum takmarkað áhorfendafjölda niður fyrir 100 manns. Að öðru leyti skuli dreifa áhorfendum eins mikið og unnt er.~~
- ~~Aðstandendur viðburða beri ábyrgð á að ekki verði hópamyndun fyrir eða eftir leik inni á svæði sem og beint fyrir utan það.~~
- ~~Fjöldi og nálægðartakmörkun auglýsingar ráðherra tekur ekki til barna sem eru fædd árið 2005 og síðar.~~
- ~~Með nánnum tengslum er fyrst og fremst á átt við nánustu fjölskyldu, þó ekki endilega einungis þá sem deila heimili, nánustu vini og eftir atvikum fáeina nána samstarfsmenn. Þannig sé t.d. ekki unnt að líta svo á að einstaklingur sé í nánnum tengslum í þessum skilningi við alla vinnufélaga sína en mögulega einn til fjóra sem viðkomandi starfar mest með eða er í mesta návígi við. Þetta getur t.d. átt við um sessunauta á skrifstofu eða þá sem ferðast saman í bíl við vinnu sína, s.s. lögreglumenn. Í þessu sambandi er mikilvægt að alltaf sé um sömu nánu samstarfsmennina að ræða. Mikilvægt er að alltaf sé um sömu nánu aðila að ræða en að það breytist ekki dag frá degi.~~
- ~~Hver einstaklingur þarf að huga að og bera ábyrgð á eigin 2 metra nálægðartakmörkun eins og öðrum einstaklingsbundnum sýkingavörnum.~~

Til viðbótar við almenn skilyrði um fjöldatakmarkanir vegna áhorfenda á knattspyrnuleikjum þessu er félögum skylt að tryggja eftirfarandi:

Miðasala skal eingöngu vera rafræn í gegnum miðasöluappið Stubb eða aðrar rafrænar lausnir. Aðgönguskírteini KSÍ eru ekki í notkun á meðan núverandi takmarkanir eru í gildi.

Við innganga, og eins víða og talin er þörf á, skal tryggja aðgang að sóttþreinsivökva fyrir hendur. Einnig skal tryggja að veggspjöld sem minna á tveggja metra gildandi nálægðarviðmið og almenna sóttþreinsun séu sýnileg við alla innganga og á áhorfendasvæðum.

Öryggisgæsla skal vera í hverju svæði fyrir sig og að mönnum þannig að hægt sé að tryggja að áhorfendur fari ekki á milli svæða. Starfsmenn gæslu telja í heildarfjölda hvers hólfis.

Áhorfendasvæði/stúka skal vera afgirt frá tæknisvæði (svæði 1) þannig að ekki sé undir nokkrum kringumstæðum hægt að komast á milli þeirra. Sérstaklega skal gæta að því að leikmenn úr æfingahópi sem eru utan leikskýrslu hafi ekki aðgang að tæknisvæði.

Salernisaðstaða skal vera í hverju áhorfendasvæði/stúku. Salerni verða að vera hrein og sóttþreinsuð. Handspritt skal vera aðgengilegt í salernisaðstöðu.

Ef selja á veitingar skal tryggt að það sé gert í hverju áhorfendasvæði/stúku fyrir sig og að áhorfendur geti ekki farið á milli svæða til að kaupa veitingar. Starfsmenn veitingasölu telja í heildarfjölda hvers svæðis.

Mikilvægt er að gæta að brunavörnum og tryggja að flóttaleiðir séu í samræmi við reglugerðir yfirvalda á hverjum stað.

Sóttvarnarfulltrúi skal tryggja að lýsing á svæðaskiptingu og aðgengi sé til staðar og kynna hana fyrir KSÍ eða yfirvöldum á hverjum stað sé eftir því óskað.

Framkvæmd leiks

1. Koma liða á leikvöll

- I. Tryggja þarf **fjarlægð, í samræmi við gildandi nálægðarviðmið, tveggja metra bíl** á milli allra einstaklinga í rútum. Sé ekki hægt að tryggja þá fjarlægð **halda tveimur metrum** á milli einstaklinga í einni rútu skal notast við aukarútur eftir þörfum. Notkun á andlitsgrímum er skilyrði ef áætlað er að rútuferð taki meira en 30 mínútur hvort sem hægt sé að halda **nálægðarviðmiðunum tveimur metrum á milli einstaklinga** eða ekki. Tryggja þarf sóttthreinsun á rútum áður en haldið er af stað. Handspritt skal vera aðgengilegt við inngang í rútur.
- II. Ef leikmenn koma til leiks í einkabílum ætti að huga að því að ekki sé sameinast í bíla. Ef bílar eru samnýttir ætti að lágmarka fjölda í bíl til að tryggja fjarlægð (fer eftir stærð bíla) og nota andlitsgrímur.
- III. Forráðamenn liða þurfa að tryggja að leiðir skarist ekki við komu á leikstað. Mikilvægt er að það sé rætt tímanlega hvenær lið mæti á leikstað og að allir fylgi tímaáætlun.
- IV. Ef kostur er ættu lið að nota sitthvorn innganginn inn í mannvirki.
- V. Heimaliði ber að hafa gæslu við alla innganga amk tveimur klst áður en leikur hefst og ber þeim einstaklingum sem sinna þessum hlutverkum að nota andlitsgrímu.
- VI. Heimaliði ber að tryggja að sóttthreinsivökvi sé við alla innganga og skulu allir sem koma inn í mannvirki sóttthreinsa hendur.

2. Búningsklefar og salernisaðstaða liða og dómara

- I. Tryggja skal að hægt sé að halda **fjarlægð, í samræmi við gildandi nálægðarviðmið, tveimur metrum** á milli allra einstaklinga innan búningsklefa. Ef stærð búningsklefa býður ekki upp á að allir leikmenn **geti haft** þar aðstöðu **vegna nálægðarviðmiðana og ekki hægt að tveggja metra fjarlægð** skal dreifa hvoru liði á fleiri en einn búningsklefa. Ef ekki er hægt að tryggja fjarlægðarmörk í einum klefa og ekki er hægt að dreifa hvoru liði á fleiri en einn klefa skulu aldrei vera fleiri leikmenn inn í klefanum á hverjum tíma en svo að hægt sé að tryggja að tveir metrar séu á milli einstaklinga.
- II. Lágmarka skal þann tíma sem eytt er í búningsklefum og ættu leikmenn ekki að dvelja lengur en 30-40 mínútur innan búningsklefa fyrir eða eftir leiki.
- III. Heimaliði ber að tryggja að sóttthreinsivökvi sé í búningsklefum.

3. Leikmannagangur

- I. Tryggja skal að alltaf sé hægt að halda **fjarlægð, í samræmi við gildandi nálægðarviðmið, á tveggja metra fjarlægð** milli einstaklinga á leikmannagangi (við komu á leikvöll, fyrir og í upphitun, þegar gengið er til leiks, í hálfleik og eftir leik).
- II. Heimaliði ber að tryggja að sóttthreinsivökvi sé á leikmannagangi.

4. Upphitun

- I. Tryggja skal að hægt sé að halda **fjarlægð, í samræmi við gildandi nálægðarviðmið, tveggja metra fjarlægð** á milli allra einstaklinga nema leikmanna sama liðs á meðan á upphitun stendur.
- II. Öllum nema leikmönnum, þjálfurum og dómurum ber skylda til að bera andlitsgrímur á meðan á upphitun stendur.

- III. Tryggja skal að allur búnaður liða sem notaður er í upphitun sé sótthreinsaður bæði áður en upphitun hefst og við lok upphitunar.
 - IV. Tryggja skal að sér svæði sé afmarkað fyrir upphitun dómara.
5. Skoðun á búnaði leikmanna
- I. Skoðun á búnaði skal fara fram fyrir framan búningsklefa hvors liðs þegar gengið er til leiks.
 - II. Dómari sem framkvæmir skoðun skal bera andlitsgrímu á meðan skoðun fer fram.
6. Gengið til leiks
- I. Liðin ganga út á leikvöll í sitthvoru lagi – fyrst heimalið og svo útilið.
 - II. Ekki skal notast við lukkukrakka.
 - III. Ekki er leyfilegt að taka neinar liðsmyndir (ljósmyndarar mega eingöngu vera á afmörkuðu svæði fyrir aftan hvort mark). Ljósmyndurum ber að virða ~~tveggja metra~~ **gildandi nálægðarviðmið** í öllum sínum störfum.
 - IV. Leikmenn og dómara skulu stilla sér upp fyrir framan áhorfendastúku með ~~tveggja metra~~ **bil sín á milli í samræmi við gildandi fjarlægðarviðmiðanir**.
 - V. Leikmönnum er óheimilt að heilsast fyrir leiki en þess í stað er hvatt til stutts klapps meðan leikmenn eru kynntir (eins og verið hefur í sumar).
 - VI. Þegar hlutkesti er kastað skulu leikmenn og dómara ávallt halda ~~tveggja metra~~ **fjarlægð, í samræmi við gildandi nálægðarviðmið**, hver frá öðrum.
7. Tæknisvæði / Boðvangur / Leiktími
- I. Heimaliði ber að tryggja að allir **sem sitja á varamannabekkjum** geti haldið **viðhlítandi fjarlægð síná milli**. ~~þar tveggja metra~~ **bili á milli einstaklinga**. Ef varamannabekkir eru við áhorfendastúku er hægt að nota hluta af sætum í stúkunni til að stækka varamannabekkin. Ef varamannabekkir eru gegnt áhorfendastúku þarf að tryggja að stólar séu til staðar svo allir hafi sæti.
 - II. Ef ekki er hægt að tryggja **viðhlítandi tveggja metra **nálægðarmörk** skulu þeir aðilar sem sitja þéttar saman nota andlitsgrímur.**
 - III. Eingöngu fjórði dómari leiks hefur heimild til að vera á svæðinu á milli varamannabekkja.
 - IV. Leikmönnum, þjálfurum og öðrum starfsmönnum liða er óheimilt að fagna mörkum með snertingu.
 - V. Leikmönnum, þjálfurum, dómurum og öðrum starfsmönnum leiks er óheimilt að hrækja, eða snýta sér á leikflötinn og umhverfi hans. Markmönnum er óheimilt að hrækja í hanskana sína.
 - VI. Sjóvarpsrétthafi skal hafa lágmarksmönnun á tæknisvæði (eingöngu tókumenn). Starfsmönnum sjónvarpsrétthafa ber að virða ~~tveggja metra~~ **gildandi nálægðarviðmið** í öllum sínum störfum.
8. Hálfleikur
- I. Halda skal **fjarlægð, í samræmi við gildandi nálægðarviðmið**, ~~tveggja metra bili~~ á milli allra einstaklinga þegar gengið er af leikvelli. Sama gildir þegar gengið er til leiks aftur eftir hálfleik.
 - II. Halda skal **fjarlægð, í samræmi við gildandi nálægðarviðmið** ~~tveggja metra bili~~ á milli allra einstaklinga á leikmannagangi og í búningsklefum
 - III. Að loknum hálfleik skulu liðin ganga út á leikvöll í sitthvoru lagi – fyrst heimalið og svo útilið.
9. Boltar og boltasækjar
- I. Allir boltar sem notaðir eru í upphitun skulu sótthreinsaðir áður en upphitun hefst en einnig um leið og upphitun líkur.
 - II. Á meðan á leik stendur skulu boltar sótthreinsaðir í hvert skipti sem þeir fara úr leik.

- III. Stilla skal upp að lágmarki 10 boltum í kringum leikvöllinn á meðan á leik stendur – auk þess bolta sem notaður er við upphaf leiks.
- IV. Boltasækjar (hámark 4) skulu í öllum sínum störfum virða **gildandi tveggja metra** nálægðarviðmið.
- V. Boltasækjar ættu að vera komnir á tæknisvæði (umhverfis leikvöllinn) amk 10 mínútum áður en lið ganga til leiks.
- VI. Boltasækjar eiga að halda sig á tæknisvæðinu þar til leik lýkur.
- VII. Boltasækjar eiga ekki að fara um leikmannagang.
- VIII. Boltasækjar bera ábyrgð á því að þegar bolti fer úr leik sé honum stillt upp á sama stað og sá bolti var sem notaður var í staðinn.
- IX. Boltasækjar eiga ekki að senda (henda eða sparka) eða rétta leikmönnum bolta á meðan á leik stendur. Leikmenn skulu án undantekninga sækja boltana sjálfir.
- X. Sóttvarnarfulltrúa ber að tryggja að boltasækjar séu upplýstir um sóttvarnarreglur og að eftir þeim sé farið.

10. Leikslök (almennt)

- I. Ekki er heimilt að takast í hendur í leikslök.
- II. Halda skal **fjarlægð, í samræmi við gildandi nálægðarviðmið, tveggja metra** bili á milli allra einstaklinga þegar gengið er af leikvelli. Sama gildir um leikmannagang, búningsklefa og þegar mannvirki er yfirgefið.
- III. Ef leikmenn og dómara nota sturtur að loknum leik skal tryggja að haldið sé **fjarlægð, í samræmi við gildandi nálægðarviðmið, tveggja metra bili** á milli allra einstaklinga. Um fjölda einstaklinga í búningsklefum og nálægðarviðmið er vísað til 2. kafla hér fyrir ofan (um búningsaðstöðu og salernisaðstöðu liða og dómara)
- IV. Öllum nema leikmönnum, þjálfurum og dómurum ber skylda til að bera andlitsgrímur á tæknisvæði þar til mannvirki hefur verið yfirgefið.
- V. Ef leikmenn nota vallarsvæði eftir leik ber að tryggja að **tveggja metra gildandi nálægðarmörk** séu virt og að sjónvarpsrétthafa sé tryggt svigrúm til að taka viðtöl.

11. Leikslök (fjölmíðlar)

- I. Eingöngu sjónvarpsrétthafi hefur heimild til að taka viðtöl við leikmenn og þjálfara eftir að leik líkur. Í öllum viðtölum skal virða **tveggja metra gildandi nálægðarviðmið**.
- II. Ef lið hafa kost á ætti að setja upp rafrænan fjölmíðlafund þar sem fjölmíðlar hafa tök á að spyrja þjálfara og einn leikmann um leikinn.

12. Lyfjaeftirlit

- I. Tryggja þarf að aðstaða fyrir lyfjaeftirlit sé fyrir hendi en mikilvægt er að leitað sé allra leiða til að hægt sé að halda **viðhlítandi tveggja metra** fjarlægð á milli einstaklinga.
- II. Allir sem koma inn í aðstöðu lyfjaeftirlits eiga að bera andlitsgrímur.
- III. Heimalið ber ábyrgð á að aðstaða lyfjaeftirlits sé sótthreinsuð með sama hætti og búningsklefar.

Sóttvarnarfulltrúi og sóttvarnaraðgerðir

Hverju félagi verður gert að skipa sérstakan **sóttvarnarfulltrúa** sem ber ábyrgð á því að farið sé eftir þeim reglum sem nefndar eru í þessu skjali. Það er jafnframt á ábyrgð sóttvarnarfulltrúa að tryggja að allir aðilar viðkomandi félagsins séu meðvitaðir um þessar reglur. Sóttvarnarfulltrúi skal tryggja að leikmenn, þjálfarar og allir aðrir starfsmenn liða þekki til almennra sóttvarnaraðgerða og að þeim sé fylgt. Sóttvarnarfulltrúi ber einnig ábyrgð á því að allir fyrrnefndir aðilar þekki til helstu einkenna COVID-19.

Leikmanni eða starfsmanni liðs, sem finnur fyrir einkennum, er óheimilt að umgangast liðsfélaga sína eða starfsmenn liðsins. Sóttvarnarfulltrúa ber að tryggja að þessu sé fylgt án nokkurra undantekninga.

Sóttvarnarfulltrúi skal ekki hafa önnur hlutverk í tengslum við framkvæmd leikja.

Einkenni COVID-19:

- Hiti
- Hálssærindi
- Hósti
- Slappleiki
- Bein- og vöðvaverkir
- Skyndileg breyting eða tap á bragð- og lyktarskyni

Ef leikmaður eða annar einstaklingur innan félags, eða fjölskyldur þeirra, fær einkenni sem geta bent til COVID-19:

- Viðkomandi skal halda sig heima og alls ekki mæta á æfingasvæði eða leikvang
- Hafa skal samband við heilsugæslu símleiðis eða í gegnum netspjall á heilsuvera.is eða við Læknavaktina í síma 1700 svo unnt sé að framkvæma próf fyrir COVID-19 án tafar.
- Það er mjög mikilvægt að fara ekki í eigin persónu á heilsugæslu eða Læknavaktina.
- Heilbrigðisstarfsfólk veitir ráðleggingar um næstu skref

Skýrar leiðbeiningar um sótthreinsun skulu vera aðgengilegar eins víða í mannvirki og kostur er. Notast skal við veggspjöld sem aðgengileg eru á covid.is (<https://www.covid.is/veggspjold>). Veggspjöld skulu vera sýnileg í búningsklefum, á leikmannagangi, í starfsmannaaðstöðu, í áhorfendasvæði og alls staðar annars staðar í mannvirki þar sem einhver umgangur fólks er. Veggspjöld sem minna á ~~tveggja-metra~~ nálægðarviðmið skulu vera sérstaklega áberandi á öllum þessum stöðum. Það er á ábyrgð sóttvarnarfulltrúa heimaliðs að tryggja að leiðbeiningar séu aðgengilegar.

Sóttvarnarfulltrúi ber ábyrgð á því að sótthreinsun búningsklefa, leikmannagangs og tæknisvæðis fari fram áður en lið mæta til leiks. Salernisaðstöðu skal sótthreinsa daglega og þar skal einnig tryggja góða aðstöðu til handhreymsunar. Sé eftir því kallað (t.d. af sóttvarnarfulltrúa gestaliðs, fulltrúa KSÍ eða fulltrúa heilbrigðisyfirvalda) skal sóttvarnarfulltrúi leggja fram áætlun um framkvæmd sótthreinsunar og staðfestingu á að hún hafi farið fram.

Sóttvarnarfulltrúi ber ábyrgð á að allar hurðir séu opnar eins og kostur er til að lágmarka þörf á snertingu við hurðarhúna.

Öll notkun á æfingabúnaði (öðrum en þeim sem nauðsynlegur er í upphitun) er óheimil. Sóttvarnarfulltrúar bera ábyrgð á því að þessu sé fylgt.

Ábyrgðaraðili leiks getur eftir tilmæli frá sóttvarnarfulltrúa vísað aðila sem reglur þessar taka til út úr mannvirki og útilokað viðkomandi frá viðveru á leikvangi eða æfingasvæði.

Veitingar

Heimaliði er óheimilt að útvega veitingar (drykki og mat) fyrir gestalið, dómara og fjölmiðla. Tryggja skal að allar veitingar sem þessir aðilar bera með sér inn í mannvirkið, séu í lokuðum umbúðum.

Óheimilt er að deila drykkjarílátum (vatnsbrúsar) eða mataráhöldum með öðrum einstaklingum. Sóttvarnarfulltrúa ber að tryggja að leikmenn séu allir með sína eigin vatnsbrúsa og ef nauðsyn krefur að merkja þá með nafni leikmanna. Dómarar bera sjálfir

ábyrgð á því að vera með vatnsbrúsa og ættu ekki undir neinum kringumstæðum að taka við drykkjarilátum frá leikmönnum, starfsmönnum liða eða starfsmönnum leiks.

Fjölmiðlar

Starfsmenn fjölmiðla bera sjálfir ábyrgð á því að fylgja þeim almennu sóttvarnaraðgerðum sem hér að ofan eru nefndar. Ábyrgðaraðili leiks getur eftir tilmæli frá sóttvarnarfulltrúa vísað aðila sem reglur þessar taka til út úr mannvirki og útilokað viðkomandi frá viðveru á leikvangi eða æfingasvæði.

Starfsmönnum fjölmiðla ber að kynna sér sóttvarnaraðgerðir á sínu vinnusvæði á hverjum leikvelli. Sóttvarnarfulltrúi heimaliðs er ábyrgur fyrir því að fjölmiðlar hafi aðgang að upplýsingum sem þeir þurfa til að geta fylgt þeim reglum sem hér eru settar og hvernig þær eru útfærðar á hverjum leikvelli.

Takmarkaður fjöldi kemst fyrir í aðstöðu skrifandi blaðamanna á hverjum leikvangi. Miðlar með textalýsingu eru í forgangi þar (fotbolti.net, mbl.is, visir.is). Öllum starfsmönnum fjölmiðla ber að virða **2-metra gildandi** fjarlægðarmörk og að bera andlitsgrímu.

Starfsmönnum fjölmiðla (annarra en réttthafa) ber að hafa samband við heimalið (sóttvarnarfulltrúa eða fjölmiðlafulltrúa) tímanlega fyrir hvern leik og óska eftir að fá aðgang. Vinnuaðstaða fjölmiðla (annarra en réttthafa og ljósmyndara) á í öllum tilfellum að vera á áhorfendasvæði (svæði 2A). Sóttvarnarfulltrúi heimaliðs ber ábyrgð á að tryggja aðgengi að aðstöðunni og þegar þangað er komið eiga starfsmenn fjölmiðla að halda sig þar þangað til leik er lokið og forðast almennt svæði áhorfenda. Starfsmenn fjölmiðla, sem starfa innan áhorfendasvæði (svæði 2A) hafa ekki undir nokkrum kringumstæðum aðgang að tæknisvæði (svæði 1).

Það er á ábyrgð sóttvarnarfulltrúa heimaliðs og fjölmiðlafulltrúa heimaliðs (ef starfandi) að tryggja að fjöldi fjölmiðlamanna á hverju svæði **sé í samræmi við gildandi fjöldatakmörkunir í auglýsingu um takmörkun á samkomum vegna farsóttar frá heilbrigðisráðuneytinu og/eða sérstök fyrirmæli sem sóttvarnarlæknir hefur gefið út þar um. ~~fari ekki yfir þann hámarksfjölda sem tilgreindur er í töflunni hér að ofan.~~**

Ljósmyndarar hafa aðgang að svæði 1 en ef nokkur kostur er ættu þeir ekki að nota sama inngang og liðin. Ef þeir nota sama inngang skal tryggja að leiðir ljósmyndara og leikmanna skarast ekki þegar komið er inn í mannvirkið.

Vinnusvæði ljósmyndara á meðan á upphitun og leik stendur er eingöngu á afmörkuðu svæði við enda leikvallar. Ljósmyndarar mega ekki færa sig á milli enda á meðan á leik stendur og ættu aldrei að ganga í gegnum tæknisvæði/boðvang. Ljósmyndarar hafa ekki heimild til að fara inn á svæði 2 (áhorfendasvæði) þegar þeir eru komnir inn á tæknisvæðið (svæði 1).

Viðtöl við leikmenn og þjálfara að leik loknum takmarkast við þann fjölda fjölmiðlamanna (bæði réttthafa og annarra fjölmiðla) sem rúmast innan tæknisvæðis **í samræmi við gildandi fjöldatakmörkunir í auglýsingu um takmörkun á samkomum vegna farsóttar frá heilbrigðisráðuneytinu og/eða sérstök fyrirmæli sem sóttvarnarlæknir hefur gefið út þar um. ~~(svæði 1) skv. töflu hér fyrir ofan.~~** Sé svigrúm til að veita öðrum fjölmiðlum en réttthafa, aðgang að leikmönnum og þjálfurum í leikslök til að taka viðtöl, er það heimilt. Ávallt skal þó tryggja að réttthafi hafi forgang á að taka viðtöl. Starfsmenn fjölmiðla sem starfa á svæði 2 er ekki heimilt að taka viðtöl á tæknisvæði (svæði 1) að leik loknum. Fjölmiðlar sem óska eftir að taka viðtöl eftir leiki verða að óska eftir því sérstaklega með góðum fyrirvara fyrir leik. Beiðni um að taka viðtöl skal send á sóttvarnarfulltrúa heimaliðs og/eða fjölmiðlafulltrúa heimaliðs (ef hann er starfandi). Sóttvarnarfulltrúi og fjölmiðlafulltrúi bera ábyrgð á því að fjöldi

starfsmanna fjölmiðla sé í samræmi við gildandi fjöldatakmarkanir í auglýsingu um takmörkun á samkomum vegna farsóttar frá heilbrigðisráðuneytinu og/eða sérstök fyrirmæli sem sóttvarnarlæknir hefur gefið út þar um. ~~ekki meiri en tilgreindur er í töflu hér fyrir ofan.~~

Sóttvarnarfulltrúa heimaliðs ber að tryggja að viðtalssvæði á leikvangi sé þannig útbúið/skipulagt að halda ~~megi 2 metra~~ fjarlægð, í samræmi við gildandi fjarlægðarviðmiðanir, á milli fjölmiðlamanns og viðmælanda. Fjölmiðlamenn á viðtalssvæði leikvangs verða að tryggja að þeirra búnaður geri þeim kleift að taka viðtal með viðhlítandi ~~2 metra~~ fjarlægð frá viðmælanda. Starfsmönnum þeirra fjölmiðla sem taka viðtöl ber að tryggja að þeir sem taka viðtöl (tökumaður og fréttamaður) séu eingöngu í þeim hlutverkum og að tökumaður sé með andlitsgrímu á meðan á viðtölum stendur.

Starfsmenn sjónvarpsrétthafa og starfsmenn annarra fjölmiðla sem taka viðtöl eiga ekki, ef nokkur kostur er, að nota sama inngang og liðin. Sjónvarpsrétthafi skal manna starfsemi sína með eins fáum starfsmönnum og kostur er. Ef um beina útsendingu er að ræða hafa eingöngu myndatökumenn heimild til að vera á tæknisvæði (svæði 1). Myndatökumenn sem starfa á tæknisvæði skulu bera andlitsgrímur á meðan þeir eru innan svæðisins. Starfsmenn sjónvarpsrétthafa sem starfa á tæknisvæði (skv. ofangreindu) ættu ekki undir neinum kringumstæðum að fara inn á svæði 2. Aðrir starfsmenn sjónvarpsrétthafa (lýsendur og aðrir myndatökumenn) hafa ekki aðgang að tæknisvæði (svæði 1).

Sjónvarpsrétthafa sem og öðrum fjölmiðlum sem starfa á leikjum ber að tryggja að starfsmenn á þeirra vegum hafi ekki sýnt nein einkenni COVID-19 þegar þeir koma til starfa á knattspyrnuleik. Ef starfsmaður fjölmiðils hefur sýnt einhver þeirra einkenna sem tengjast COVID-19 á hann/hún ekki undir neinum kringumstæðum að starfa við leik.

Leikmönnum og þjálfurum sem fara í viðtöl hjá fjölmiðlum utan leikja- og æfingatíma er skylt að virða ~~tveggja metra~~ gildandi nálægðarviðmið í slíkum viðtölum. Starfsmönnum fjölmiðla sem taka slík viðtöl ber að tryggja að hægt sé að framkvæma þau miðað við þessi skilyrði. Félög ættu að leitast eftir því að verða við beiðnum fjölmiðla um viðtöl utan æfinga og keppni eins og kostur er.

Æfingar

Mikilvægasta vörnin gegn COVID-19 í tengslum við knattspyrnuæfingar er að farið sé eftir tilmælum heilbrigðisyfirvalda eins og nokkur kostur er. Þó ~~að~~ undanþága sé veitt frá fjarlægðarviðmiðunum ~~því að tveggja metra reglunni sé fylgt~~ í keppni er ~~það~~ sérstaklega mikilvægt að fjarlægðarviðmiðunum ~~henni~~ sé framfylgt eins og kostur er á æfingum. Lágmarka skal þann fjölda sem viðstaddur er æfingu. Eingöngu leikmenn, þjálfarar og sjúkrateymi ættu að hafa aðgang að æfingum og ber sóttvarnarfulltrúa að tryggja að enginn óviðkomandi sé viðstaddur æfingar. Félög skulu skoða möguleika á að skipta leikmönnum í hópa eins og kostur er og æfa á sitthvorum tímanum þar sem því verður við komið.

Á öllum æfingum skulu þjálfarar og aðrir starfsmenn liða nota andlitsgrímur. Leikmenn ættu ekki að nota andlitsgrímur á æfingum.

Notkun á líkamsræktaraðstöðu félaga skal lágmarkuð. fjöldi sem getur notað slíka aðstöðu í senn takmarkast af ~~tveggja metra~~ gildandi nálægðarviðmiðum og öll notkun á aðstöðunni verður að vera þannig að alltaf sé hægt að halda a.m.k. ~~tveggja metra~~ viðhlítandi fjarlægð á milli einstaklinga. Sótthreinsa skal allan búnað bæði fyrir og eftir notkun.

Lágmarka skal notkun búningsklefa í tengslum við æfingar og í öllum tilfellum skal halda ~~tveggja metra~~ fjarlægð, í samræmi við gildandi fjarlægðarviðmiðanir, á milli einstaklinga.

Þátttakendum í æfingum er óheimilt að nota aðra félagsaðstöðu, s.s. eldhús og aðra sameiginlega aðstöðu.

Sóttvarnarfulltrúi skal tryggja að sóttthreinsivökvi sé aðgengilegur á öllum æfingum, bæði í búningsklefum, á æfingasvæðinu sjálfu sem og á öllum öðrum stöðum innan félagssvæðis þar sem leikmenn eða aðrir sem að æfingunni koma fara um.

Sóttthreinsa skal allan æfingabúnað áður en æfing hefst og eftir að henni lýkur. Jafnframt skal sóttthreinsa búnað eins og kostur er á meðan á æfingu stendur, sérstaklega þann búnað sem fleiri en einn einstaklingur notar.

Óheimilt er að deila drykkjarílátum (vatnsbrúsar) eða öðrum búnaði með öðrum einstaklingum. Sóttvarnarfulltrúa ber að tryggja að leikmenn séu allir með sína eigin vatnsbrúsa og merkja þá með nafni leikmanna.

Öll aðstaða fyrir liðsfundi skal vera þannig útbúin að ~~tveggja-metra~~ fjarlægð, í samræmi við gildandi fjarlægðarviðmiðanir, sé á milli einstaklinga.

Starfsmenn mannvirkja skulu án undantekningar nota andlitsgrímur á meðan á æfingum stendur og halda ~~tveggja-metra~~ viðhlítandi fjarlægð frá leikmönnum, þjálfurum og öðrum starfsmönnum liða á meðan þeir eru innan veggja mannvirkisins.

Daglegt líf / heimili leikmanna, þjálfara og annarra starfsmanna liða utan æfinga- og keppnisvæða

Ef okkur á að takast að halda áfram knattspyrnuíðkun þurfum við að sameinast um að þátttakendur í íþróttinni lágmarki aðra þætti daglegs lífs sem snúa að öðru en heimilislífi og vinnu. Leikmenn, þjálfarar, dómara og aðrir starfsmenn liða skulu því lágmarka samskipti við aðra eins og kostur er. Þetta á sérstaklega við um leikmenn. Í þessu felst m.a. að þessir aðilar ættu almennt að forðast fjölmenna staði eins og veislur, verslanir, veitingastaði, kvikmyndahús, skemmtistaði, bari o.s.frv.

Leikmenn ættu að kynna sér reglur um heimkomusmitgát og sóttkví í heimahúsi og fylgja þeim eins og hægt er til að vernda fjölskyldur sínar, vinnufélaga og aðra leikmenn. Þeir sem geta unnið í fjarvinnu að fullu eða að hluta ættu að ræða við vinnuveitendur sína um slíkt fyrirkomulag.

Leikmaður, þjálfari, dómari eða annar starfsmaður liðs sem á erindi á fjölmenna staði skal ávallt halda a.m.k. ~~tveggja-metra~~ fjarlægð, í samræmi við gildandi fjarlægðarviðmiðanir, frá öðrum einstaklingum og bera andlitsgrímu ef það er ekki hægt.

Leikmenn, þjálfarar, dómara og aðrir starfsmenn liða skulu gæta að almennum sóttvörnum (~~2-metra-regla~~, fjarlægðarviðmið, handþvottur og sóttthreinsun) á heimilum sínum, á vinnustað og hvar sem þeir eru á meðal fólks. Ef einstaklingur innan heimilis þessara aðila fær einhver einkenni sem bent geta til COVID-19 ætti viðkomandi án tafar að einangra sig þar til framkvæmt hefur verið veirupróf og niðurstaða liggur fyrir.

Greinargerð:

Um er að ræða breytingar sem, eins og fyrr segir, má rekja til þeirra breytinga sem orðið hafa á auglýsingu/reglugerð heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem og minnisblaði sóttvarnarlæknis varðandi takmarkanir á samkomum innanlands. Helst ber að nefna breytingar sem orðið hafa á fjöldatakmörkunum á íþróttaviðburðum sem og tveggja metra reglu. Breytingar að framan miða að því að samræma þær reglur sem gilda um áhorfendur og

nálægðarviðmiðanir í reglum KSÍ um sóttvarnir vegna Covid-19 annars vegar og reglum útgefnum af heilbrigðisráðuneytinu og/eða embætti landlæknis hins vegar. Loks hefur sérstök svæðatafla fyrir svæði 1 og 2 verið fjarlægð úr reglugerðinni, en hún miðaði við ekki væru fleiri en 100 manns á hverju svæði á hverjum tíma. Hámarksfjöldi starfsmanna á tæknisvæðum er nú miðaður við gildandi fjöldatakmarkanir í auglýsingu um takmörkun á samkomum vegna farsóttar frá heilbrigðisráðuneytinu og/eða sérstök fyrir mæli sem sóttvarnarlæknir hefur gefið út þar um.

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

23.2. Bikarkeppni KSÍ

23.2.6. Aðalkeppnin (32-liða úrslit) skal hefjast eftir miðjan apríl og hefja þá liðin sem leika í efstu deild þátttöku. Mótanefnd skal jafnframt heimilt í vissum tilfellum að ákveða að leikur fari fram á hlutlausum velli ef rökstudd ósk þess efnis berst frá báðum aðilum sökum fjarlægðar eða annarra ástæðna.

Ákvæði til bráðabirgða 2020

23.2.6.1. Leikir í undanúrslitum í bikarkeppni KSÍ árið 2020 skulu leiknir á hlutlausum völlum.

23.2.7. Úrslitaleikur bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli í ágúst eða september. Mótanefnd annast framkvæmd leiksins í samráði við leikaðila.

Ákvæði til bráðabirgða 2020

23.2.7.1. Úrslitaleikur bikarkeppni KSÍ árið 2020 skal fara fram eigi síðar en í nóvembermánuði.

29.2. Bikarkeppni KSÍ

29.2.4. Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Í undankeppni taka þátt öll lið nema þau, sem taka þátt í efsta deild. Aðalkeppni hefst með 16 liða úrslitum þegar lið í efsta deild kvenna hefja þátttöku. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.

Ákvæði til bráðabirgða 2020

29.2.4.1. Leikir í undanúrslitum í bikarkeppni KSÍ árið 2020 skulu leiknir á hlutlausum völlum.

29.2.8. Úrslitaleikur bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli í ágúst eða september.

Ákvæði til bráðabirgða 2020

29.2.8.1. Úrslitaleikur bikarkeppni KSÍ árið 2020 skal fara fram eigi síðar en í nóvembermánuði.

Greinargerð:

Um er að ræða breytingar sem lagðar voru til af mótanefnd KSÍ vegna fyrirkomulags á leikjum í undanúrslitum í Mjólkurbikarkeppni KSÍ karla og kvenna. Það liggur fyrir að leikir í undanúrslitum í Mjólkurbikarkeppni KSÍ eru í ár komnir lengra inn í haustið (nóvember) og þykir líklegt að þá þurfi að leika í miðri viku. Því telur mótanefnd nauðsynlegt að leika á hlutlausum völlum þar sem eru flóðljós. Mótanefnd, sem fundaði með ÍTF um málið, taldi því að gera þyrfti viðeigandi breytingar á reglugerð um knattspyrnumót til samræmis sem nú hafa verið samþykktar af stjórn KSÍ.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.